


TÖLVUVÍRUSINN

Eftir: Iðunni Ólöfu Berndsen

Samið þegar hún var 10 ára

Leikritið *Tölvuvírusinn* vann leikritasamkeppnina Krakkar skrifa leikrit. Um er að ræða samstarfsverkefni Borgarleikhússins og RÚV þar sem krakkar, annars vegar á aldrinum 6–10 ára og hins vegar 11–12 ára, voru beðin um að skrifa leikrit. Friðþjófur á geimflakki eftir Sunnu Stellu Stefánsdóttur vann í flokki 6–10 ára. Leikritið er einnig á vef mms.is, í Leikritasmiðjunni, undir Miðstig.



PERSÓNUR

Snorri (u.þ.b. 10–12 ára)

Sóley (u.þ.b. 10–12 ára)

Kennarinn

Krúsilína (Hólmfríður tölvukennari – Gömul kona)

Herdís (vinkona Snorra og Sóleyjar)

Sveinn (bekkjarfélagi 1)

Sigmar (bekkjarfélagi 2)

... og aðrir krakkar

1. ATRIÐI

Utandyra um morguninn.

*Fyrir ofan sviðið er skjár með mynd af brosandi sól.
Strákur bankar á útidyrhurð. Stelpa kemur til dyra.*

Snorri

Hæ Sóley, viltu koma að leika?

Sóley

Hæ Snorri. Erum við samt ekki að fara í skólann?

Snorri

Jú, það er víst.

*Sóley klæðir sig í skó og þau rölta skólann.
Þorpið er fullt af lífi – krakkar leika og syngja.
Allt í einu sjáum við höfuð koma út um einn glugga og öskra.*

Gömul kona

Hættiði þessum bévítans hávaða, krakkaskammir!

Sóley

Oh, þessi gamla kerling. Hún er alltaf í svo vondu skapi ...

Heldurðu að það sé eitthvað spennandi
að fara gerast í skólanum í dag?

Snorri

Ég veit það ekki, hvað heldur þú?

Sóley

Ég veit það heldur ekki en ég er samt alltaf spennt fyrir skóladeginum.

Þau eru komin í skólann. Stelpa kemur til þeirra.

Herdís

Hæ Sóley og Snorri.

Sóley

Hæ, ertu ekki hress?

Herdís

Jú, algjörlega.

Herdís

En ert þú ekki hress, Snorri?

Snorri

Jú, gæti ekki verið betri.

Herdís

Vissuð þið að það er að koma nýr kennari?

Snorri og Sóley

Nei, en hver þá?

Herdís

Það á eftir að koma í ljós.

Skólabjallan hringir og allir fara í skólann.

2. ATRIÐI

Í skólastofunni.

Kennarinn

Jæja krakkar, góðan daginn. Í dag fáði þið nýjan tölvukennara.

Krakkarnir

Ohh, en tölvutímar eru svo leiðinlegir.

Sveinn (einn af krökkunum)

Og við áttum bara að læra stafina f og j.

Krakkarnir

Allan tímann!

Kennarinn

Látið ekki svona, þetta verður frábært.

*Allt í einu kemur gömul kona æðandi inn í stofuna
og allir hrökkva við.*

Krúsilína (gamla konan)

Ég heiti Krúsilína og ég er nýi tölvukennarinn ykkar.

Kennarinn

Velkomin Krúsilína. Viltu ekki bara taka við?

Krúsilína

Auðvitað.

Allir krakkarnir þagna og kennarinn labbar út.

Krúsilína

Allt í lagi, lets go. Núna ætla ég ég að sýna ykkur dálítið sem gerir ykkur orðlaus.

Krakkarnir

Haaa!

Sveinn

En hvernig ferðu af því?

Krúsilína

Það er nú góð spurning. Þetta hérna er tölvu.

(Sýnir tölvu)

Snorri

Oh. En tölvur eru leiðinlegar. Eigum við ekki bara að fara út í stórfiskaleik?

Krúsilína

Af hverju að fara út í kuldann í stórfiskaleik þegar við getum haft það kósí fyrir framan tölvuna og farið í hákarlaleik?

Krakki 1

Hákarlaleik?

Krúsilína

Í þessum tölvum getið þið séð allt fyrir ykkur, eins og til dæmis þegar það er kvöld og dimmt getið þið séð sól og dag. Eins og þú (bendir á Herdís), hvað finnst þér skemmtilegt að gera?

Herdís

Mér finnst rosa gaman að syngja.

Krúsilína

Já, syngja. Það er gaman. Og fyrir hverja syngur þú?

Herdís

Bara fyrir sjálfa mig og köttinn minn. Og stundum fyrir vini mína.

Krúsilína

Haha! Vini þína. Þú getur sungið fyrir allan heiminn í tölvunni? Sjáðu bara!

[Á skjánum]
Krúsilína að syngja og dansa
(You should be dancing með Bee Gees)
á meðan „lækin“ hlaðast inn.

Herdís
Vaaaaá!

Krúsilína
Og þú þarna í brúnu buxunum (bendir á Svein).
Hvað finnst þér gaman að gera?

Sveinn
Ég hef gaman af landafræði. Ég er næstum búinn
að læra nöfnin á öllum höfuðborgum í Evrópu.

Krúsilína
Til hvers? Það er algjör óþarfi. Þú gúgglar það bara. Sjáðu!

[Á skjánum]
Gúgglar „höfuðborg Albaníu“ og fær upp alls konar upplýsingar.

Krúsilína
En þú þarna í gulu peysunni. Hvað finnst þér gaman að gera?

Snorri
Mér finnst gaman að vera úti í eltingaleik eða „löggu og bófa“.

Krúsilína
Úti? Af hverju að fara út í rok og rigningu
þegar þú getur verið inni og leikið þér?
Og þá meiðir þú þig heldur ekki þótt þú dettir.

[Á skjánum]
Hasarleikur þar sem hermaður skýtur mann og annan.
Hermaðurinn er dálítið líkur Krúsilínu.

Snorri

Noh. Þetta er svalt.

Skólabjallan hringir.

Krúsilína

Ekki gleyma að taka tölvuna með heim og vera dugleg að nota hana.

Krakkarnir

Ha! Megum við eiga þær?

Krúsilína

Já, ef þið lofið að nota þær á hverjum degi.

Sveinn

En hvað eigum við að læra heima?

Krúsilína

Heimanámið er að vera sem mest í tölvunni, elskurnar mínar (glottir).

3. ATRIÐI

Fyrir utan heimili Snorra.

Snorri

Eigum við ekki bara að prófa tölvurnar heima hjá mér?
Bara í nokkrar mínútur. Svo getum við farið út að leika.

Sóley

Jú, drífum okkur svo við komumst út á meðan sólin skín.

*Þau fara inn. Sóley gleymir töskunni á gólfinu
þar sem hún fer úr skónum. Inni í herbergi byrjar
Snorri að kveikja á tölvunni sinni.*

Sóley

Kjáninn ég. Ég gleymdi töskunni minni niðri.

*Sóley fer út úr herberginu. Á meðan byrjar Snorri
að spila tölvuleikinn. Sóley kemur inn aftur eftir augnablik.*

[Á skjánum]

*Tölvuleikur (stríðsleikur) sem Snorri er að spila
þegar Sóley kemur inn.*

Sóley

Ókei. Ég er komin með hana. Hvernig kveikir maður á þessu?

Snorri svarar engu.

Sóley

Snorri? Hvernig kveiki ég á þessu
(klappar á öxlina á Snorra).

Snorri

(Hristir hana af sér). Hvað ertu að gera?
Ég var næstum því drepinn.

Sóley

Ha? Ég var að tala við þig og þú svarar ekki.
Hvað er í gangi?

Snorri

Æi, farðu bara heim. Þetta er ekkert fyrir stelpur.
Láttu mig bara í friði.

*Sóley þegir augnablik og horfir reið á Snorra.
Svo rífur hún tölvuna skyndilega af honum og hleypur út.
Snorri eltir hana bandbrjálaður.*

4. ATRÍÐI

Úti. Það er enginn á ferli en úr öllum húsum heyrast tölvuhljóð (bíp, skothvellir, gervileg tónlist). Sóley hleypur inn á sviðið og Snorri á eftir henni.

Snorri

Komdu með tölvuna mína eða ég skýt af þér hausinn með hríðskotabyssunni minni!!

Sóley

Þú átt enga hríðskotabyssu, bjálfinn þinn.

Snorri

Jú víst. Ég á hríðskotabyssu, tvo hnífa og þrjár handsprengur og fimm líf.

Sóley

Nei, þú átt bara eitt líf og þú mátt ekki eyða því öllu hangandi í tölvunni, grasasninn þinn.

Sóley dettur og missir tölvuna sem brotnar.

Snorri

(Krýpur á hné við tölvuna og grætur) Neeeee. Hvað hefurðu gert? Þú drapst besta vin minn.

Sóley

Besta vin þinn. Var ég ekki besti vinur þinn? Þú ert alveg ga ga ...

Sóley áttar sig skyndilega á því að allt er breytt í þorpinu. Á meðan breytist grátur Snorra í snökt.

Sóley

Snorri ... Snorri. Hlustaðu, heyrirðu hljóðið?

Snorri

Nei, hvað meinarðu?

Sóley

Þetta bíb bíb bíb. Enginn krakki er að leika sér eða spila fótbolta.
Allir eru inni að spila í tölvunni.

Snorri

Já, þú meinar það.
Við erum eiginlega að breytast í tölvusjúklinga.

Sóley

Já. Ég vildi að við gætum eitthvað gert í þessu.

Snorri

Við megum ekki gefast upp, Sóley

Þau rölta að húsi.

Sóley

Sjáðu, Krúsilína er að labba inn í húsið þar sem
gamla konan býr.

Þau fela sig bak við runna.

Snorri

En getur ekki verið að hún hafi
dulbúið sig sem tölvukennara?

Sóley

Hún er þá gamla konan (úr 1. atriði) sem þoldi ekki
hávaðann í okkur.

Snorri

Jebb, það er hún.

Heyrist í Krúsilínu innan úr húsinu.

Krúsilína

Ohh, yndislegt hljóð enginn hlátur, enginn grátur,
þetta getur ekki verið betra.

Sóley

Hún hefur platað okkur.

*Krúsilína fer inn í húsið sitt og Sóley og Snorri
kíkja í gegnum gluggann.*

Krúsilína

Kannski læt ég þau fá heyrnartól næst svo ég þurfi ekki
að heyra þetta bíb bíb bíb. Þessi börn trúa öllu sem ég segi,
eins og til dæmis að ég heiti Krúsilína. Ég heiti Hólmfríður.

Krakkarnir hoppa inn um gluggann.

5. ATRÍÐI

Heima hjá Krúsilínu.

Snorri

Hvað ert þú að bralla?

Krúsilína

Ég er að klappa kettinum mínum.
En hvað eruð þið að gera án tölvunnar ykkar!

Sóley

Við erum komin hingað til að skamma þig,
Krúsilína ... eða Hólmfríður!

Krúsilína

Voruð þið að hlusta á samræðurnar við köttinn minn?
Voðalega eruð þið óþekk!

Sóley

Það ert þú sem ert óþekk en ekki við. Þú gerir öll börnin
að tölvufíklum. Þau hanga bara í tölvunum og fá vöðvabólgu.
Svo verða þau þunglynd og kvíðin og kannski bara blind.

Snorri

Já, og svo fá þau tannpínu og exem.

Sóley (hvíslar)

Snorri, maður fær ekki tannpínu eða exem af því að vera í tölvunni.

Snorri (hvíslar)

Ég sagði bara eitthvað. Hún er hvort sem er gömul.

Krúsilína

Haldiði að þetta stöðvi mig?

Sóley

En við erum að segja satt. Í alvörunni, að allir krakkarnir hætti að læra
og leika sér og nenni ekki að gera neitt nema að vera í tölvunni.

Krúsilína

Ég myndi ekki gera þetta ef það væri ekki svona mikil hávaði í ykkur.

Snorri

Við skulum reyna að lækka í okkur en ég held að það sé best að þú fái þér eyrnatappa.

Krúsilína

Kannski hafið þið rétt fyrir ykkur.

Snorri

Já, en núna verður þú að hjálpa okkur að ná þeim úr tölvunum.

Krúsilína

Já, en það verður örugglega erfitt.

Sóley

Já!

Þau hugsa sig um í augnablik.

Sóley

Ég er með hugmynd!

Krúsilína og Snorri

Hvað?

Sóley

Við söfnum öllum krökkunum á leiksvæðið og útskýrum þetta fyrir þeim.

Snorri

Góð hugmynd, Sóley.

Krúsilína

Það er svosem fín hugmynd.

Sóley

Ok, kýlum á það. Snorri, þú ferð hægra megin. Krúsilína, þú ferð vinstra megin og ég fer til Herdísar vinkonu minnar.

Krúsilína og Snorri
Samþykkt!

*Snorri og Krúsilína fara sitt í hvora áttina nema Sóley
hún fer til Herdísar og bankar þar á dyrnar.*

Sóley

Herdís, ertu heima?

Herdís

Nei, ég get ekki leikið. Ég er í tölvunni
(eða nefnir einhvern vinsælan leik)

Sóley

Geturðu bara opnað dyrnar?

Herdís

Æi, ég nenni því ekki, ég er í miðju myndbandi.

Sóley

Opnaðu bara dyrnar. Við erum bestu vinkonur.

Herdís opnar dyrnar.

Herdís

Hvað viltu?

Sóley

Viltu fara með mér á leikvöllinn?

Herdís

Öhh nei. Ég vil frekar syngja fyrir allan heiminn.

Sóley

Hvað um að taka tölvuna með?

Herdís

En ef það verður eitthvað leiðinlegt er ég farin.

Sóley

Allt í lagi!

6. ATRÍÐI

*Á leikvellinum. Allir krakkarnir eru á leikvellinum.
En allir komu með tölvurnar og eru niðursokknir í þær.*

[Á skjánum]

*Margir gluggar sem sýna hvað er að gerast í tölvum
krakkanna (tölvuleikur, samfélagsmiðlar, tónlistarmyndbönd
eða annað vinsælt)*

Snorri

Það var ekki létt að ná öllum krökkunum hingað.

Krúsilína

Ég er sammála þér.

Sóley

Hæ, krakkar vilji þið ekki koma að leika!

Krakkarnir

Nei!

Snorri

Af hverju ekki?

Sigmar

Það er miklu skemmtilegra að vera í tölvunni.

Krúsilína

Nú skipa ég ykkur að hætta í tölvunni!

Herdís

Þú sagðir í skólanum að við ættum að taka tölvurnar með heim
og vera í þeim en núna segirðu okkur að við eigum að hætta?

Krúsilína

Ég gerði það vegna þess að ég er einmana.

Sóley

Af hverju ertu einmana?

Krúsilína

Ég heyrði alltaf í ykkur hlæja, leika og skemmta ykkur.
Og ég sem gömul kona vissi ég að ég gæti aldrei verið með.

Snorri

Auðvitað geturðu verið með. Þú spurðir aldrei.

Krúsilína

Þó að ég sé hrukkótt og gömul?

Sóley

Já, allir mega vera með.

Krakkarnir

Já, allir mega vera með.

*Allt í einu klukkar Sóley Snorra og Snorri byrjar
að klukka annan o.s.frv . Allir fara í eltingaleik.*

Sveinn

Vitið þið hvað höfuðborgin á Kúbu heitir?

Herdís

Nei, en ég kann lag sem heitir Havana!

*Herdís syngur lagið Havana (Havana ohh nana half
of my heart is in Havana)
Krúsilína stendur döpur og horfir á og gengur svo af stað.*

Sóley

Krúsilína! Viltu ekki leika með okkur?

Krúsilína

Viljið þið það nokkuð, eftir allt sem ég hef gert ykkur?

Sóley

Auðvitað!

Krúsilína

Já ... en það er svo langt síðan ég hef leikið svona. Hver er hann?

Herdís

Ég er hann (klukkar Krúsilínu) Klukk! En nú ert þú hann!

Krúsilína

Ó nei, þið hlaupið svo hratt.

En ég skal sko ná ykkur ólátabelgirni ykkar.

[Á skjánum]

Tölvugluggarnir hverfa einn og einn þar til ekkert er eftir nema svartur skjár ... og svo brosandí sól.

- ENDIR -